



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 100 ára afmæli
Verzlunarskóla Íslands
14. október 2005**

Skólastjóri, ráðherrar,
nemendur, kennarar.
Góðir hátíðargestir

Það er með mikilli ánægju sem ég tek við fyrsta eintakinu af sögu Verzlunarskólans og færi ykkur um leið einlæggar hamingjuóskir á þessum tímamótum.

Hundrað ára afmæli öndvegisskóla er áfangi í lífi þjóðar og söguritið verður varðveitt um aldur og ævi í bókahlöðunni á Bessastöðum, í safninu sem lýsir baráttu Íslendinga í aldanna rás, sókn og sigrum, erfiðri glímu og þungum raunum en einnig fagnaðarstundum, einstæðum árangri, framförum og þjóðarsóma.

Saga Verzlunarskólans mun skipa veglegan sess í þessu safni; hún er þörf áminning til okkar allra, hvatning um að sækja ótrauð á brattann, láta ekki erfiðleika hamla för.

Þegar stórhuga menn í verslunarstétt stofnuðu Verzlunarskólann fyrir hundrað árum voru Íslendingar fátækasta þjóðin í Evrópu, háðir erlendu valdi og flest var af vanefnum gert.

Nú búum við að bestu lífskjörum í veröldinni; íslenskir athafnamenn vinna sigra í flestum álfum og við erum í fremstu röð þjóða heims við nýtingu tækninnar á sviði menntunar og upplýsinga.

Þegar fyrstu árgangar Verzlunarskólans gengu í kennslustofur var draumurinn að verslunin kæmist alfarið í hendur Íslendinga, að smátt og smátt yrðu viðskiptahættir í takt við það sem tíðkaðist hjá hinni dönsku herrapjóð.

Nú getur æskufólk í Verzlunarskólanum gert sér raunhæfar vonir um að verða heimsborgarar í viðskiptunum, starfa í fyrirtækjum sem eru hin fremstu í veröldinni og Danir eru um þessar mundir alveg gáttaðir á því hvernig það getur gerst að Íslendingar eru orðnir ráðandi afl í rekstri banka, stórverslana og fasteignafyrirtækja í sjálfu hjarta Kaupmannahafnar, en skýringin er auðvitað sú að þar koma einkum við sögu gamlir nemendur þessa merka skóla.

Já, Verzlunarskóli Íslands hefur svo sannarlega veitt þjóðinni mikinn styrk, verið aflvél sem gert hefur siglinguna glæsilega og er enn í árdaga nýrrar aldar að efla og styrkja trúna á að okkur séu allir vegir færir.

Skólarnir eru nú ótvírætt helsta aflstöð framfaranna, sá vettvangur sem mest mun móta samkeppnishæfni Íslendinga, sú virkjun sem áhrifaríkust mun reynast um ókomin ár.

Í þeim orkubúskap mun framlag Verzlunarskóla Íslands áfram skipta miklu og áriðandi að skólinn verði ætíð í fararbroddi um nýjungar í kennsluháttum og námsefni öllu, haldi áfram að þjálfa hverja nýja kynslóð svo kröftuglega að úr verði sífellt öflugri forystusveit, brautryðjendur sem endurnýja munu atvinnulífið, tryggja að við verðum áfram í fremstu röð.

Ég færi ykkur á þessum merkisdegi einlægar þakkir þjóðarinnar og þá frómu ósk að Íslendingar geti í framtíðinni treyst því að Verzlunarskólinn muni ávallt skila sínu. Það hefur verið gæfa okkar að eiga þennan góða skóla og framlag hans mun verða sífellt dýrmætara.